



13. febrúar 2024

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 628. mál á 154. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum (tímabundnar uppbyggingarheimildir)

Þegar áform um ofangreint frumvarp voru birt í samráðsgátt í fyrra sumar veittu Hagsmunasamtök heimilanna umsögn þar sem eftirfarandi sjónarmið og áherslur komu fram:

“Við útfærslu aðgerða á grundvelli þessara áforma er ekki nóg eitt og sér að uppbyggingarheimildum verði settur tímarammi heldur þarf jafnframt að sjá til þess að það hafi afleiðingar í för með sér ef óeðlilegar tafir verða á uppbyggingu svo að hlutaðeigandi aðilar hafi raunverulegan hvata til að flýta uppbyggingu á þeim lóðum sem þeir hafa yfir að ráða. Í því skyni mætti taka til athugunar að veita sveitarfélögum heimildir til að beita dagsektum eða öðrum fjárhagslegum viðurlögum þegar ekki er staðið við fyrirhuguð uppbyggingaráform og jafnvel að afturkalla lóðaúthlutanir í slíkum tilvikum og endurúthluta lóðum til aðila sem vilja nýta þær án tafar til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis.”

Afraksturinn er því miður frumvarp sem er í engu samræmi við þessar áherslur og það veldur miklum vonbrigðum. Vandséð er hvernig sá fimm ára tímarammi frá birtingu samþykks deiliskipulags sem er gert ráð fyrir í frumvarpinu eigi að geta stuðlað að svo skjótri og mikilli uppbyggingu á húsnæði sem nú er brýn þörf fyrir sem allra fyrst. Auk þess er með öllu óljóst hvaða afleiðingar það eigi að hafa ef uppbygging á svæði sem er skipulagt sem íbúðabyggð eða þar sem íbúðabyggð er heimiluð er ekki hafin innan fimm ára. Augljóslega mun það eitt að meta hvort þörf sé á að endurskoða skipulag eða kalla eftir skýringum frá lóðarhafa ekki framleiða neitt húsnæði á slíkum svæðum.

Í viðtali í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni sunnudaginn 4. febrúar 2024 kallaði borgarstjóri Reykjavíkur eftir heimildum til að selja byggingarlóðir með kvöðum um að uppbygging skuli hefjast á þeim innan skamms tíma, jafnvel fárra mánaða. Taka má undir þetta sjónarmið. Stjórnanda þáttarins varð að orði að í því frumvarpi sem hér um ræðir sé reyndar kveðið á um að það þurfi að líða fimm ár áður en sveitarfélögin geti farið að gera “eitthvað” og það sé dálítið langur tími. Því miður má einnig taka undir það sjónarmið. Það dugar ekki að ætla bara að gera “eitthvað” eftir mörg ár, heldur þarf að ráðast nú þegar í átaksverkefni um húsnæðisuppbyggingu til að afstýra neyðarástandi.

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is